

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hallkelshólar, lóð, L168514, fiskeldi.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir fiskeldi að Hallkelshólum, L168541. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem iðnaðarsvæði I13 og landbúnaðarsvæði L2 í gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er um 13,6 ha. Markmið með gerð deiliskipulags er að heimila áframhaldandi uppbyggingu á iðnaðarstarfsemi í formi fiskeldis á svæðinu. Afmarkaðir eru byggingarreitir og settir skipulagsskilmálar vegna bygginga. Einnig eru settir rammar um mótvægisáðgerðir vegna mögulegra umhverfisáhrifa af starfseminni.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. júlí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vígfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 17. júlí 2025